

Mosfellsbær, 6.nóvember 2022

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-12
150 Reykjavík

Efni: Umsögn Sylgu Daggar Sigurjónsdóttur um tillögu til þingsályktunar um fjarvinnustefnu, þingskjal 214-213 mál, 153. löggjafarþing 2022-2023. Beiðni barst 31. október 2022.

Alþingi ályktar að fela félags- og vinnumarkaðsráðherra að gera úttekt á tækifærum í fjarvinnu og fjarvinnustefnu fyrir íslenskan vinnumarkað. Ráðherra láti vinna tillögur með það að markmiði að auka möguleika á fjarvinnu þar sem henni verður komið við og þar sem áhugi er fyrir hendi. Ráðherra ljúki úttekt fyrir árslok 2023 og kynni aðgerðir fyrir Alþingi eigi síðar en á vorþingi 2024.

Undirrituð styður þá tillögu að gera úttekt á tækifærum í fjarvinnu og um fjarvinnustefnu.

Undirstaða virks atvinnulífs byggir á að fylgjast með þróun og mæta þörfum samfélagsins. Örar breytingar eru í samfélaginu og mikilvægt að vinnumarkaður mótist í takti við þær. Tækniþróun, tækniframfarir og áskoranir eins og til dæmis í COVID faraldrinum hafa mótað nýja hugsun og hefðir í vinnuframlagi með fjarvinnu hvaðan sem er í heiminum eða á vinnustöðvum nærri heimili (hybrid workspaces).

Samfélagslegar kröfur, sveigjanleiki og starfsánægja

Kröfur um sjálfbært, vistvænt og heilnæmt starfsumhverfi hafa aukist samhliða þörfum fyrir sveigjanleika og tækifæri í fjarvinnu og því er mikilvægt að vinnumarkaður þróist í þá átt. Frá lýðheilsulegu sjónarmiði er þetta sérstaklega mikilvægt þar sem vinnumarkaður og atvinnulíf hafa bein áhrif á virkni og vellíðan einstaklinga, fjölskyldna og starfshópa. Sveigjanlegur vinnumarkaður sem býður upp á tækifæri til fjarvinnu gefur fleirum tækifæri til þátttöku, sem vegna til dæmis heilsu (fötlunar – eða færniskerðingar), samgangna, aðstæðna, húsakosts, umhverfis eða staðsetningu hefðu annars ekki slíkt tækifæri.

Starfsánægja byggir meðal annars á því að fólk hafi stjórn á eigin aðstæðum og hafi áhrif á umhverfi sitt. Fjarvinna og fjarvinnustefna er þáttur í því. Undirrituð tók þátt í umsókn NORDFORSK rannsóknarverkefna varðandi blandað vinnuumhverfi og við greiningu á fyrirliggjandi gögnum er ljóst að hægt er að tryggja fleirum aðgang að vinnumarkaði með auknum sveigjanleika í formi fjarvinnu.

Blandaðar vinnustöðvar fela í sér blandað kerfi; annars vegar aðstöðu sem er sett upp í nærumhverfi starfsfólks nærri heimili í sameiginlegar starfsstöð nokkurra opinberra aðila eða fyrirtækja. Þangað getur starfsfólk mætt til vinnu og sleppt að aka langar leiðir daglega og því valið að vera á heimavinnustöð eða mæta til vinnustaðar. Þegar fjarvinnustefna er mótuð þarf að taka tillit til félagslegra áhrifa, hugsanlegrar einangrunar og tryggja að starfsmenn hafi val um eigin samskipti og samveru með vinnufélögum eftir því sem við á.

Heilsusamlegt starfsumhverfi

Starfsánægja, frammistaða, heilsa og vellíðan er háð því húsnæði, loftgæðum og innivist sem við verjum mestum tíma í. Sveigjanleiki í vali á vinnustöð og/eða fjarvinnu, þegar það á við, eykur val á loftgæðum og aðstæðum á vinnustað. Því miður hafa síðustu misseri komið fram aðstæður á vinnumarkaði þar sem fyrirtæki og stofnanir hafa þurft að loka húsnæði sínu vegna rakaskemmda.

Við slíkar aðstæður hafa möguleikar og tækifæri til fjarvinnu dregið úr líkum á að fólk detti út af vinnumarkaði. Í sumum tilfellum getur ákveðinn hópur fólks ekki starfað á almennri starfsstöð en getur stundað vinnu annars staðar. Jafnframt þarf gæta þess að starfsumhverfi á heimili uppfylli kröfur um loftgæði og fræða starfsmenn um það hvernig heimavinnustöð er metin heilnæm m.t.t. loftgæða, aðstöðu, birtu, hljóðvistar og líkamsbeitingar.

Þegar fjarvinnustefna er mótuð þarf að taka tillit til félagslegra áhrifa og tryggja að starfsmenn hafi val um eigin samskipti og samveru með vinnufélögum eftir því sem við á.

Virk fjarvinnustefna á vinnumarkaði gæti dregið úr nauðsynlegu byggingamagni fyrir vinnustaði, sem síðan skilar sér í aukinni sjálfbærni og minna kolefnisspori. Jafnframt er dregið úr samgöngum og ferðum á milli staða að einhverju marki með fjarvinnu og blönduðum vinnustöðvum nærri heimili.


Ráðherra geri tillögur um hvernig megi auka hlutfall fjarvinnu á vinnumarkaði sem flutningsmenn telja að feli í sér tækifæri fyrir starfsfólk sem og fyrir ríkið sem stóran vinnuveitanda.

Samhliða þessari úttekt og tillögu þyrfti að huga að útgáfu leiðarvísa til vinnumarkaðarins sem byggja á gagnreyndum athugunum um hvernig skuli ná fram farsælli fjarvinnustefnu þar sem er hugað að umhverfi, innivist, félagslegum þáttum og heilsu um leið og horft er til minnkandi byggingaparfar og minni samgöngum.

Skoða þarf hvernig einstaklingur blómstrar á sveigjanlegum vinnumarkaði þannig að tryggja megi framlegð, virkni og vellíðan um leið og umhverfisspor minnkar. Með breytingunum þarf að útbúa leiðarvísa um innleiðingu heimavinnustöðva, blandaðra vinnustöðva og/eða auknum sveigjanleika. Fjarvinnustefna getur tryggt þeim einstaklingum tækifæri á vinnumarkaði sem geta ekki dvalið í öllum byggingum (vegna rakaskemmda eða umhverfis) og vel mætti skoða að útbúa sérstakt húsnæði til dæmis fyrir skrifstofufólk með þessar hamlanir.

Tillögur geri ráð fyrir að þessi þróun verði gerði sýnileg og mælanleg þannig að hægt verði að fylgjast með framþróun og árangri á þessu sviði í framtíðinni.

Mosfellsbær 6. 11. 2022



Sylgja Dögg Sigurjónsdóttir

BSc Líffræði. Mdpl Lýðheilsa,
Sérfræðingur í innivist og loftgæðum á vinnustöðum
Verkefnastjóri Heilsueflandi vinnustaður í EFLU